

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júní 2012  
Tilvísun: UST20120500213/ksj

## Stafafell/Brekka, Sveitarfélaginu Hornafjörður. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Hornafjarðar er barst 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells og Brekku. Eldra deiliskipulag af svæðinu er dagsett í febrúar 1997.

Helstu breytingar er felast í ofangreindri tillögu að deiliskipulagi frístundasvæðisins eru: Byggingarmagn á lóðum er aukið og hámarks nýtingarhlutfall verður 0,03. Nokkrar lóðir eru stækkaðar þannig að minnstu lóðir verða 0,3 ha. Skilgreindar eru 15 nýjar lóðir. Skilgreindir eru byggingarreitir á lóðum sem ekki hafa fullnýtt byggingarrétt skv. nýtingarhlutfalli. Leiðréttingar eru gerðar á uppdráttum vegna nákvæmari kortagrunns.

### Frístundasvæðið Brekka/Stafafell

Deiliskipulagið nær til 78 frístundalóða í landi Stafafells og Brekkur í Sveitarfélaginu Hornafirði, þar af eru 15 nýjar lóðir skilgreindar í skipulagstillögunni.

Fyrsta sumarhúsið á svæðinu var byggt árið 1959, og eftir það hefur svæðið byggst upp og eru frístundahúsin dreifð um svæðið. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 kemur fram að á frístundasvæði Brekka/Stafafell séu lóðir fyrir 61 hús, þar af voru 50 byggð við samþykkt aðalskipulagsins.

### Markmið

Í markmiðum fyrir nýtt deiliskipulag kemur fram að hlífa á fjallshlíðum við frekari byggingum. Í riti umhverfísráðuneytisins: „*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*“ kemur fram að flatarmál upprunalegra birkiskóga nú á tímum er áætlað um 1.200 ferkílómetrar en er talið hafa verið 25.000 – 30.000 ferkílómetrar við landnám. Þetta þýðir að útbreiðsla birkiskóga nú, er 5% af því sem hún var við landnám. Í dag þekja náttúrulegir birkiskógar 1,2 % af landinu. Einnig kemur fram í stefnumörkun stjórnvalda: „*Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*“ en þar kemur fram

að: „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstær Íslands.“ Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint markmið enda mikilvægt að birkiskógi verði hlíft sbr. ofangreint.

### Frístundalóðir

Í umfjöllun um lóðarmörk og girðingar kemur fram að lóðamörk séu hvergi nær árbakka en 30 m. Einnig kemur fram í umfjöllun um staðsetningu húsa að ný hús verði hvergi nær lóðamörkum en 10 m. Að mati Umhverfisstofnunar stangast þetta á við skipulagsreglugerð, en í gr. 4.15.2 *Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum* segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim“. Að mati Umhverfisstofnunar eiga byggingarreitir ekki að vera nær lóðamörkum en 20 m í þeim tilfellum þegar lóðamörk eru einungis 30 m frá árbakka, til þess að uppfylla ofangreinda grein í skipulagsreglugerðinni.

### Frárennsli

Í markmiðum í greinargerð með skipulagstillögum kemur fram: „Að tryggja að uppfyllt verði lög um fráveitur og edlilegar kröfur um förgun frárennslis.“ Umhverfisstofnun bendir á að á heimasíðu stofnunarinnar er að finna leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fram komi í greinargerð að kröfur um rotþrær og siturlagnir er að finna í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

### Gróður og ræktun

Í umfjöllun um gróður í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillögum kemur eftirfarandi fram í „Óæskilegt er að sá eða planta ágengnum tegundum s.s. lúpínu og skógarkerfli á skipulagssvæðinu. Einnig er mælt til þess að ekki verði gróðursettar trjáplöntur á svæðinu sem lagengt era ó verði hávaxnar s.s. ösp og grenitegundir.“ Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint, og bendir á að mikilvægt sé að við ræktun verði notast sem mest við íslenskar tegundir svo sem reyni, birki og víðitegundir.

Viðfangarfullst

Ólafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun